



Bekkjarnámskrá 4. bekkjar

Skólaárið 2016 – 2017

Umsjónarkennari

Silvía Björk Kristjánsdóttir

Efnisyfirlit

Samstarf heimila og skóla.....	5
Íslenska	5
Hæfniviðmið	5
Talað mál, hlustun og áhorf.....	5
Lestur og bókmenntir	5
Ritun	6
Málfræði.....	6
Inntak náms og kennslutilhögun	6
Námsefni	7
Námsmat	7
Stærðfræði	7
Hæfniviðmið	7
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	7
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	7
Vinnubrögð og beiting stærðfræði.....	8
Tölur og reikningur	8
Rúmfræði og mælingar.....	8
Inntak náms og kennslutilhögun	8
Námsefni	9
Námsmat	9
Enska.....	9
Hæfniviðmið	9
Inntak náms og kennslutilhögun	10
Námsgögn.....	10
Námsmat	10
Náttúru- og samfélagsgreinar	10
Hæfniviðmið	10
Inntak námsgreinar og kennslutilhögun.....	11
Námsefni	12
Námsmat	12
Upplýsinga- og tæknimennt	12
Hæfniviðmið	12
Vinnulag og vinnubrögð	12
Upplýsingaöflun og úrvinnslu	12
Tækni og búnaður.....	12

Sköpun og miðlun.....	12
Inntak náms og kennslutilhögun	12
Námsefni	13
Námsmat	13
Heimilisfræði	13
Hæfniviðmið	13
Námsefni	14
Námsmat	14
Skólaíþróttir	14
Hæfniviðmið	14
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	14
Félagslegir þættir.....	14
Heilsa og efling þekkingar.....	14
Öryggis- og skipulagsreglur	14
Inntak náms og kennslutilhögun	14
Námsmat	14
Skólasund	15
Hæfniviðmið	15
Námsmat	15
Myndmennt.....	15
Hæfniviðmið	15
Inntak náms og kennslutilhögun	15
Námsefni	16
Námsmat	16
Textílmennt	16
Hæfniviðmið	16
Handverk, aðferðir og tækni	16
Sköpun, hönnun og útfærsla	16
Menning og umhverfi	16
Inntak náms og kennslutilhögun	17
Námsefni	17
Námsmat	17
Hönnun og smíði	17
Hæfniviðmið	17
Handverk, aðferðir og tækni	17
Sköpun, hönnun og útfærsla	17

Menning og umhverfi	17
Inntak náms og kennslutilhögun	18
Námsefni	18
Námsmat	18
Lífsleikni.....	18
Hæfniviðmið	18
Inntak náms og kennslutilhögun	18
Námsefni	19
Námsmat	19

Samstarf heimila og skóla

Nám barnsins er sameiginlegt verkeni heimili og skóla.

Heimili og skóli eiga í samvinnu að búa nemendur undir líf og starf. Hlutur grunnskólans er einkum sá að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra en frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu (lög grunnskóla, 2008, netslóð; <http://www.Menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgagn þess og markmið. Hún birtir menntastefnu sem reist er á sex grunnþáttum menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og köpun. Þessir grunnþættir eiga að fléttast inn í allt skólastarfið. Í námskrám er talið upp hvaða markmiðum skal stefnt að hverju sinni. Þessi markmið skarast oft milli kennslugreina og áherslur eru oft mismiklar frá ári til árs á ákveðnum áttum.

Uppalendur eru hvattir til að fylgast vel með námi barna sinna og hafa í huga að áhugi þeirra getur skipt sköpum fyrir velgengni barnanna í námi. Þar af leiðandi biðjum við forráðamenn nemenda að vera þátttakendur í heimanámi barna sinna og hvetjum þá jafnframt til að koma sem oftast í heimsókn. Höfum einnig hugfast að gott samstarf heimilis og skóla er lykillinn að farsælli skólagöngu barnanna.

Í Vopnafjarðarskóla er 3. og 4. bekk kennt saman í öllum greinum nema stærðfræði, heimilisfræði, smíðum og handavinnu.

Íslenska

Kennari: Silvía Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því að nemendur:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- sagt frá eftirminniloegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- átt góð samskipti, hlulstað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.

- lesið ævintýri, sgur og ljóð ætlum börnum.
bBeitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- beitt fáeinum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- aflað sér upplýsingum úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum. Svo sem bókum og á rafrænu formi.
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringamyndum, kortum og myndritum.

Ritun

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- nýtt í ritum þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta. Svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- samið texta út frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpagögn við hæfi.
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- raðar í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaorða og sagnorða.
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- greint mun á sérnöfnum og samnöfnum og m.a. bent á þau í texta.
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í roðaleiki.
- gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslensk málfræði.

Inntak náms og kennslutilhögun

Skólinn hefur tileinkað sér kennsluaðferð í lestrar- og íslenskukennslu sem nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi skiptist í stuttu máli í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur, auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með

lykilorð og bókstafi á ýmsa vegu, svo sem með stafagerð, samvinnuspjöldum, stafa- og orðasúpum, minnisspilum, orðabingó og sóknarskrift. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta, til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. 3. og 4. bekkur mun vinna í blönduðum námshópum í vetur. Unnið verður ýmist í getublönduðum, getuskiptum hópum þvert á bekki eða eftir árgöngum. Leitast er við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda er unnið mikið með grunnþáttinn *Læsi* í gegnum lestur og sögugerð.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfagnsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru.

- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast tjáningu nemenda, að hafa sjálfstaust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsefni

- Ýmsar bækur tengdar Byrjendalæsi.
- Lestrarbækur í samræmi við getu hvers og eins úr bókageymslu og bókasafni.
- Skinna 1 og 2.
- Aukaefni fyrir suma, svo sem Tvistur, efni af vef og fleira.
- Lesskilningsverkefni eftir getu nemenda, t.d. Bras og þras á Bunulæk og ljósritað efni.
- Gæðatextar (svo sem barnabækur, fræðibækur og ljóð)
- Ýmis spil.
- Kennsluforrit í tölvum.

Námsmat

- Stafsetningarskimun.
- Málfræðikannanir.
- Hraðlestrarpróf.
- Könnun á skrift og vinna vetrarins tekinn inn í námsmatið.

Stærðfræði

Kennari: Silvia Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðiðmið

Stefnt er að því að nemendur:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svo sem einkennandi fyrir stærðfræði.
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, nota áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhefi hans og daglegu lífi.
- rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki og tengt þau við daglegt mál.
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræði

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- kannað og rannsakað með því að setja upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- notað stærðfræði til að lausnir á verkefnum.

Tölur og reikningur

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- notað tugakerfisrithátt.
- reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn hátt og óhlutbundinn hátt.
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagninga-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikningi, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð

Rúmfræði og mælingar

- geta sagt til um hvað klukkan er, bæði út frá hefðbundinni klukkuskífu og stafrænni klukku.
- geti lýst staðsetningu og hliðrun í rúðuneti.
- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringamyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- unnið með mælikvarða og lögun.
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. þyngd, flöt, rými og tíma.

Inntak náms og kennslutilhögun

Nemendur munu ýmist leysa verkefni sín einstaklingslega, í pörum eða sem einn hópur. Haldið verður áfram að kenna þrautir og þrautalausnir en með þeim þjálfna nemendur til dæmis færni sína í að finna hvað upplýsingar þeir þurfa að nota og hvaða reikniaðgerðum eigi að beita hverju sinni. Sem fyrr verður lögð áhersla á að tengja stærðfræðina við daglegt líf nemenda og að verkefnin fjalli um hluti aðstæður úr umhverfi þeirra. Kennslan fer ýmist fram inni eða úti. Stærðfræðin verður tengd inn í Byrjendalæsisverkefnin eftir því sem unnt er. Auk þess verður notuð PALS stærðfræðiaðferðin í tveimur kennslustundum á viku. Helstu markmið PALS er að þjálfna samtímis hóp af nemendum í stærðfræði með jafningamiðlaðri nálgun. Rannsóknir á PALS aðferðinni hafa staðfest að flestir nemendur, hvortsem þeir eru afburðarnemendur, í meðallagi eða slakir, sýna meiri framfarir en þeir sem ekki fá PALS þjálfun. Það sama gildir um nemendur sem glíma við námsörðugleika. Haldið verður áfram að þjálfna nemendur í færniþáttum og stærðfræðihugtökum sem unnið hefur verið með í 1., 2., og 3. bekk. Svo sem talningu, flokkun, samlagningu, frádrætti, oddatölum og sléttum tölum, mynstri,

tugum og einingum, tölfræði, formum, talnalínu, tímamælingum, tvívídd, þrívídd, flatarmál, rúmmál, mælingar, raðtölur, ummál og margföldun. Jafnframt verða ný hugtök kennd og nemendur æfðir í að vinna með þau og viðfangsefni tengd þeim. Þetta eru þættir eins og margföldun, deiling, tugabrot, ummál. Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Heilbrigði og velferð*. Nemendur fá tækifærti til þess að vinna á sínum hraða verkefni við hæfi og efla með því sjálfsmynd sína. Áttað sig á möguleikum og takmörkunum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- *Læsi*. Nemendur þekki algeng stærðfræðihugtök og tákn fyrir þau, s.s. meira en, minna en, jafnt og, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu og geti lesið og skrifað texta þar sem þau koma fyrir. Nemendur hafi skilning á verðgildi peninga.
- *Sjálfbærni*. Nemendur læra að skilja umhverfið sitt út frá forsendum stærðfræðinnar sbr. peningar, fjarlægðir, hlutföll og geta heimfært stærðfræðina upp á daglegt líf. Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau m.a. með töflum og myndritum. *Lýðræði og mannréttindi*. Nemendur læra að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafa val um ákveðna námsþætti og efnistöð.
- *Jafnrétti*. Nemendur vinna saman í hópum og læra að virða skoðanir og sjónarmið annara. Sköpun Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem sköpun er fyrirrúmi s.s. búa til ýmis stærðfræðiform.

Námsefni

- Sproti 4 a og b, nemendabók og æfingahefti.
- Í undirdjúpunum.
- Við stefnum á margföln.
- Við stefnum á deilingu.
- Ljósrituð kennsluhefti.
- PALS þjálfunarefni.
- Ýmislegt annað frá kennara.

Námsmat

- Kannanir í lok hvers kafla.
- Jafningjamat.
- Sjálfsmat.
- Virkni í tímum.

Enska

Kennari: Silvia Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- kynnist tungumálinu í byrjun á jákvæðan hátt.
- skilji einföld fyrirmæli kennara.
- tileinki sér orð og orðasambönd og auki jafnt og þétt við orðaforða sinn.
- geti tekið undir í söng og farið með þulur.

- læri að hlusta á léttan texta á ensku, geti gert sig skiljanlega um einfaldar upplýsingar og geti tjáð tilfinningar sínar.
- skilji einfalda texta.
- geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum og rappi.
- þjálfist í að vinna með orðaforða í textum
- geti skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar.
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.

Inntak náms og kennslutilhögun

Kennslan fer að miklu leyti fram í gegnum leik, söng og spil og áhersla er lögð á talað mál og hlustun. Nemendur vinna ýmist einir, í þörum eða í litlum hópum. Í para og hópavinnu er lögð mikil áhersla á munnleg og verkleg verkefni en einstaklingsvinnan gegnum einkum út á hlustunarverkefni og einfalda ritun. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrá grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum um umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsgögn

- Speak out
- Work out
- Ýmsir námsvefir
- Efni frá kennara.

Námsmat

- Vinnubækur
- Sjálfsmat
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið

Náttúru- og samfélagsgreinar

Kennari: Silvía Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- beri kennsl á gildi svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- átti sig á samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- geri sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.

- átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum, s.s. gleði, sorg og reiði.
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.
- geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra.
- sé færir um að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningahópi.
- átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- séu færir um að hlusta á og greint ólíkar skoðanir.
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- viti að til eru mismunandi menningarsvæði í heiminum og þar sem ríkja ólíkir siðir og venjur og að Ísland er eitt þeirra.
- skilji mikilvægi náttúrunnar, s.s. árstíðarskipta, veðurfars og landlags, við mótun byggðar, atvinnu, siða og menningar íbúa.
- auki orðaforða sinn og skilning á ýmsum hugtökum, orðum og málsháttum í íslensku.
- átti sig á mikilvægi þess að fólk þekki söguna og líf fólks fyrrum, bæði á Íslandi og á öðrum menningarsvæðum.
- viti að Ísland hefur ekki alltaf verið til.
- átti sig á að Ísland er eyja langt frá öðrum löndum og hefur það áhrif á hvaða lífverur eru á landinu.
- skilji að náttúran tekur sífelldum breytingum bæði af eigin völdum og af völdum amanna.
- átti sig á að í jarðlögum má lesa jarðsögu landsins.
- viti að landnámsmenn námu land eftir sérstökum reglum.
- átti sig á að menn móta og breyta náttúrunni þegar þeir nýta hana.
- geti lýsti áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt, hitastig og lífríki.
- þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi; reikistjörnum, sól og tunglum.
- geti lýst á einfaldan hátt hvernig hreyginnar jarðar orsaka dag og nótt, árstíðir og sjávarföll.
- þekki að jörðin er byggð upp af nokkrum lögum.
- skoði tungl og stjörnur með berum augum og í gegnum sjónauka.
- geti tengt dægra- og árstíðaskipti við hreyfingu sólar og jarðar.
- búi í samvinnu til líkan af sólkerfinu.
- þekki að tunglið orsakar sjávarföll.
- þekki að jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu og lofthjúpi.
- þekki muninn á sól og reikistjörnum.
- geri athugasemdir á útliti tunglsins í einn tunglmánuð.
- ræði um lífsskilyrði á öðrum plánetum og tunglinu.
- ræði um geimferðir út frá sögu tunglferða mannsins, mögulegri þróun og tækninotkun.

Inntak námsgreinar og kennslutilhögun

Náttúrugreinar og samfélagsgreinar verða unnar í tengslum við Byrjendalæsi. Upplýsingum er aflað sem víðast og með fjölbreyttum hætti. Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda verður unnið með grunnþáttinn *Sjálfbærni* í gegnum margskonar umhverfisfræðslu. Grunnþátturinn *Læsi* kemur mikið við sögu þar sem unnið er með margskonar texta, hvort sem það er lestur hlustun eða ritun. Jafnframt eflir vinna með hvers lags skýringarmyndir myndrænt læsi nemenda. Grunnþátturinn *Heilbrigði og velferð* fellur undir útikennsluna. Grunnþátturinn *Sköpun* fléttast inn í allar tilraunir. Helstu kennsluáðferðirnar eru verkleg

vinna, tilraunir, sýnikennsla, hugstormun og umræður. Leitast er við að gera nemendur sem virkasta í námi sínu.

Námsefni

- *Komdu og skoðaðu himgeiminn*
- *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*
- *Komdu og skoðaðu landnámið*
- Eineltisskífa Olweusar.
- Að vaxa úr grasi.
- Ýmislegt ítarefni frá kennara.
- Kennsluforrit af nams.is
- Ýmis verkefni tengd Byrjendalæsi

Námsmat

- Umsögn þar sem virkni, áhugi og færni í hæfniviðmiðum nemenda eru metin.
- Sjálfsmat.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Silvía Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

Vinnulag og vinnubrögð

- Nýti sér fartölvur og spjaldtölvur til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- Nýti sér rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- Beiti undirstöðuatríðum í fingrasetningu.

Upplýsingaöflun og úrvinnslu

- Nýti rafrænt og gagnvirktt námsefni.
- Séu fær umað leita upplýsinga og nýta við verkefnavinnu.

Tækni og búnaður

- Noti hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Noti einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu.

Sköpun og miðlun

- Noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
- Geti sýnt ábyrð í meðferð í upplýsinga.

Inntak náms og kennslutilhögun

Unnið er með einfaldan texta í ritvinnslu (Word), margmiðlunarefni og internetið. Unnið er með forritið Power Point. Ýmis kennsluforrit, s.s. forrit á síðunum www.nams.is og www.skolavefurinn.is. Skoðaðar verða valdar síður á Interneti (barnasíður og leitarvefir). Töluvtímarnir verða einnig notaðir til að dýpka þekkingu nemenda á ýmsu efni sem unnið er með skv. Aðferðum Byrjendalæsis. Leitast er við að tengja grunnþætti nýju Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í skólastarfið. Til að mynda er unnið með grunnþáttinn *Læsi*. Nemendur öðlast færni í ritvinnslu og nýta sér hana við t.d. sögugerð. Leitast verður

við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleira.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétta* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengjast sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsefni

- Fingrafimi og ýmis önnur kennsluforrit á náms.is og skolavefurinn.is
- Forritin Word, Paint og Power Point.

Námsmat

- Umsögn á vetraönn/vorönn þar sem virkni, áhugi, færni í hæfniviðmiðum nemenda eru metin.
- Nemendur safna völdum verkefnum í námsmöppu yfir allt skólaárið.

Heimilisfræði

Kennari: Berglind Wíium Árnadóttir

Hæfniviðmið

Nemendur

- læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimilum er mikilvæg.
- geri sér grein fyrir hvernig uppskrift er uppbyggð og að vinna eftir henni.
- fái þjálfun í að nota einföld áhöld.
- geti lagt snyrtilega á borð og temji sér að sýna kurteisi við borðhald.
- læri að reglubundnar máltíðir og góðar lífsvenjur stuðla að góðri heilsu.
- læri að til eru mismunandi flokkar örvera.
- þekki heiti helstu næringarefna.
- öðlist jákvætt viðhorf til ávaxta og gildi þess að borða þá daglega.
- skilji mikilvægi hreinlætis í heimilishaldi.
- kunni að velja hentug áhöld og þjálfist í notkun mælitækja.
- fái þjálfun í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn kennara.
- þekki algengustu korntegundir og brauðtegundir og geti gert samanburð.
- læri um grænmetis-, ávaxta- og kornflokkin.
- þjálfist í að nota eldavél.
- viti úr hverju lýsi er unnið og hvað er hollt við það.
- læri að flokka sorp frá heimilum.
- læri um hagsýni og gildi þess að spara.
- temji sér að vinna í sátt og samlyndi og bera ábyrgð á frágangi eftir sig.
- þjálfist í að vinna sjálfstætt einföld verkefni.
- þjálfist í að vinna með öðrum.

Námsefni

Hollt og gott 3, ýmis verkefnablöð frá kennara, áhöld sem fylgja eldhúsinu og uppskriftir úr ýmsum áttum.

Námsmat

Símat, hegðun og virkni nemenda metin í lok hvers tíma.

Skólaíþróttir

Kennari: Bjartur Aðalbjörnsson

Hæfniviðmið

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Nemendur:

- geti gert æfingar sem reyna á þol.
- geti gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.
- geti sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- geti sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- geti tekið þátt í stöðluðum prófum.

Félagslegir þættir

Nemendur:

- geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- geti skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- geti gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Heilsa og efling þekkingar

Nemendur:

- geti skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- geti útskýrt líkamlegan mun á kynjum.
- geti notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu.
- þekki heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga.
- geti sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.
- geti sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir.
- geti gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
- geti tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.
- geti tekið þátt útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veður. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.

Öryggis- og skipulagsreglur

Nemendur:

- geti farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengisreglum íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Inntak náms og kennslutilhögun

Námið fer að miklum hluta fram í leikjaformi en einnig með stöðvapjálfun, einföldum boltaæfingum, hlaupum og keppnum.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina.

Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.

Skólasund

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- þjálfist í ýmsum æfingum og leikjum sem þroska til dæmis jafnvægisskyn, snertiskyn og samspil skynfæra ásamt því að efla líkamspól, kraft og hraða.
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum s.s ýmsum hópleikjum og boðsundsleikjum.
- náí tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta s.s. 25 m. bringusundi, 12 m. skólabaksundi, 25 m. skriðsundi með eða án hjálpartækja og 12 m. baksundi með eða án hjálpartækja, ásamt flugsundsfótatökum og að stinga sér úr kropstöðu af bakka eða stiga.
- skilji markmið æfinga og leikja sundkennslunnar.
- tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru.
- umgangist sundstað á öruggan hátt og læri helstu öryggisatriði.
- upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni.

Námsmat

Námsmatið er í samræmi við markmið í sundi auk símats og fá nemendur sérstaka einkunn fyrir sund: S=settu marki náð, F=framvinda góð og Þ=þarfnast frekari þjálfunar.

Myndmennt

Kennari: Silvía Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði í myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- fjallað um eigin verk og annarra.
uUnnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans. Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- unnið einföld verkefni í hópi.

Inntak náms og kennslutilhögun

Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfæni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Kennt er með sýnikennslu verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt. Einnig er stuðst við myndbönd og bækur. Myndmenntarkennsla er samtvinnuð Byrjendalæsisvinnu og vinna nemendur mörg verkefni í tengslum við það. Auk þess vinna nemendur nokkur fráls verkefni með mismunandi efnum og litum og áhöldum. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndum. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.

- *Sjálfbærni* að nemendur séu meðvitaðir um umhverfisvernd og endurvinnslu, með því að nota endurvinnanleg efni til listsköpunar.
- *Jafnrétti* að allir nemendur fái sömu tækifæri til listsköpunar á sýnum forsendum.
- *Lýðræði* og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Heilbrigði og velferð* tengjast sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.
- *Sköpun* felst í því að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér möguleika.

Námsefni

Notast verður við bókina Markvissa myndörvun auk þess eru notaðar ýmsar hugmyndir af Internetinu.

Námsmat

Námsmat er byggt á símati sem er skipt í eftirfarandi þætti:

- afurð (verkefni)
- hegðun/framkoma
- vandvirkni, iðni, sjálfstæði í vinnubrögðum
- umsagnir í lok hvernar annar

Textílmennt

Kennari: Heiðbjört Antonsdóttir

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- notað efni og áhöld í sniðavinnu
- þjálfast í að sauma einfaldar flíkur í saumavél
- fitjað upp og þrjónað sléttar og brugðnar lykkjur
- lært einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu í þrjóni
- lært að fella af í þrjóni
- saumað saman og gengið frá endum í þrjónlesi
- snúið band, heklað eða hnýtt snúru

Sköpun, hönnun og útfærsla

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu og skreytt textílvinnu
- unnið eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinkað sér nokkur hugtök textílgreinarinnar
- þekkt ýmis hugtök sem tengjast saumavélinni
- þekkt ýmis hugtök sem tengjast þrjóni

Menning og umhverfi

- þjálfast í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum
- gert sér grein fyrir mikilvægi og nýtingu ullarinnar fyrr á öldum, t.d. með hliðsjón af veðráttu Íslands

- tekið þátt í fagurfræðilegri umræðu út frá nánasta umhverfi
- metið eigin textílverk og rökstutt matið

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur þrjúna verkefni eftir vali. Nemendur vinna ýmis þjálfunarverkefni tengd saumavélinni, bæði skrifleg og verkleg. Nemendur rifja upp og bæta við þá þekkingu sem fyrir er. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Nemendur læra að fitja upp og þrjúna verkefni að eigin vali. Hekla og sauma í saumavél eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með ýmsar tegundir af efnum og garni. Tróð, fílt, ull og leður. Verkefni frá kennara. *Hannyrðir í 3. – 6. bekk.*

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Hönnun og smíði

Kennari: Baldur Hallgrímsson

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með

Sköpun, hönnun og útfærsla

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- unnið eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinkað sér nokkur hugtök greinarinnar
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- Framkvæmt einfaldar samsetningar

Menning og umhverfi

- þjálfast í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum
- gert sér grein fyrir mikilvægi og nýtingu ullarinnar fyrr á öldum, t.d. með hliðsjón af veðráttu Íslands
- tekið þátt í fagurfræðilegri umræðu út frá nánasta umhverfi
- metið eigin textílverk og rökstutt matið

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur þróa verkefni eftir vali. Nemendur vinna ýmis þjálfunarverkefni tengd saumavélinni, bæði skrifleg og verkleg. Nemendur rifja upp og bæta við þá þekkingu sem fyrir er. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Hönnun og smíði, 1-4 bekkur. Verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum. Nemendum gefin einkunn í annar lok sem en þær eru tvær.

Lífsleikni

Kennari: Silvía Björk Kristjánsdóttir

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- þroski með sér jákvætt lífsviðhorf
- sýni frumkvæði og öðlist sterka sjálfsmynd –
- sýni samkennd og góð samskipti sín á milli
- þjálfist í að vinna sem hópur
- læri að tjá tilfinningar sínar með orðum
- efli vináttu í bekknum og utan hans
- læri að varast hættur í umhverfinu
- geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi

Inntak náms og kennslutilhögun

Unnið meðal annars með bætt samskipti, vináttu, tilfinningar og málefni líðandi stundar, m.a með bekkjafundum. Lífsleiknin verður samþætt Byrjendalæsi og öðrum námsgreinum eftir því sem við á. Kennslan verður byggð upp á umræðum, hlustun og frásögnum, leikrænni tjáningu og myndsköpun.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi*. Aflað sér og nýt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.
- *Sjálfbærni* Nemendur læra að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum bæði með ritun og framsögn.
- *Heilbrigði og velferð*. Sýni frumkvæði og öðlist sterka sjálfsmynd. Sýni samkennd og góð samskipti sín á milli.

- *Lýðræði og mannréttindi.* Fáir þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafngildi og kjarki til að fylgja sannfæringu sinni. Geti sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi.
- *Sköpun.* Leitar lausna við vinnu sína. Beitir ímyndunarafli og fær tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt.

Námsefni

Verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar og sögur úr ýmsum áttum.

Námsmat

Ekki er um formlegt námsmat að ræða heldur fá nemendur endurgjöf eftir því sem við á.